



*Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands*

## Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands

Fundur 15.-16. nóvember 2021 (105. fundur)

Birt: 1. desember 2021

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum séu teknar af peningastefnunefnd og að opinberlega skuli birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Á grundvelli þessa birtir peningastefnunefnd fundargerðir tveimur vikum eftir að ákvarðanir hennar eru kynntar. Í fundargerðunum koma m.a. fram upplýsingar um hvernig atkvæði einstakra nefndarmanna féllu við ákvarðanir nefndarinnar.

Hér birtist fundargerð fundar peningastefnunefndarinnar 15. og 16. nóvember 2021, en á honum ræddi nefndin efnahagsþróunina, þróun á fjármálamörkuðum, ákvarðanir um beitingu stjórnækja bankans í peningamálum og kynningu þeirra ákvarðana 17. nóvember.

### **I Þróun í efnahags- og peningamálum**

Áður en nefndarmenn fjölluðu um ákvarðanir í peningamálum ræddu þeir innlenda fjármálamarkaði, fjármálalegan stöðugleika, horfur í heimsbúskapnum og utanríkisviðskiptum Íslands, innlendan þjófðarbúskap og verðbólgu, með hliðsjón af upplýsingum sem hafa komið fram frá síðasta fundi nefndarinnar 6. október 2021 eins og þær birtust í nýrri spá og óvissumati í *Peningamálum 2021/4* hinn 17. nóvember.

### **Fjármálamarkaðir**

Frá fundi peningastefnunefndar í október hafði gengi krónunnar lækkað um 2,3% gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu. Seðlabankinn átti engin viðskipti á gjaldeyrismarkaði á milli funda.

Taumhald peningastefnunnar miðað við raunvexti Seðlabankans var nánast óbreytt frá fundi nefndarinnar í október. Raunvextir bankans voru -2,2% miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar til eins árs og voru nánast óbreyttir frá því rétt fyrir birtingu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í október. Miðað við ársverðbólgu voru þeir -2,9% og höfðu hækkað um 0,1 prósentu á sama tímabili.

Vextir á millibankamarkaði með krónur hækkuðu í takt við hækkun meginvaxta í október og veltan á markaðnum var 2 ma.kr. á milli funda nefndarinnar. Ávöxtunarkrafa lengri óverðtryggðra ríkisbréfa hafði hækkað lítillega frá fundinum í október en krafa lengri verðtryggðra ríkisbréfa hafði lækkað lítillega. Þá höfðu meðalvextir óverðtryggðra íbúðalána hækkað lítillega í kjölfar hækkunar meginvaxta í október.

Skammtíma vaxtamunur miðað við þriggja mánaða millibankavexti jókst um 0,2-0,3 prósentur á milli funda og var 2,7 prósentur gagnvart evrusvæðinu en 2 prósentur gagnvart Bandaríkjunum. Mismunur langtíma vaxta hafði aukist um 0,2 prósentur gagnvart Þýskalandi á milli funda og var 4,4 prósentur en hafði lítið breyst gagnvart Bandaríkjunum og var 2,5 prósentur. Mælikvarðar á áhættuálag erlendra skuldbindinga ríkissjóðs voru nánast óbreyttir á milli funda nefndarinnar. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldbindingar ríkissjóðs í Bandaríkjadöllum var 0,5% og vaxtamunur á evruútgáfu ríkissjóðs gagnvart þýskum ríkisskuldabréfum var 0,6-0,8 prósentur.

Greiningardeildir fjármálafyrirtækja væntu þess að peningastefnunefnd myndi hækka vexti um 0,25 prósentur. Vísuðu þær til þess að verðbólga hefði reynst meiri og þrálátari en búist hafði verið við og að spár um þróun verðbólgu á komandi misserum hefðu versnað. Nefndu þær jafnframt að þótt óvissa hafi aukist vegna fjölgunar COVID-19-smita undanfarið og enn mætti greina merki um slaka í hagkerfinu hafi efnahagshorfur almennt batnað, kaupmáttur aukist og vísbendingar bentu til áframhaldandi aukningar innlendrar eftirspurnar.

Samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans á væntingum markaðsaðila sem var framkvæmd í nóvember bjuggust þeir við því að meginvextir Seðlabankans yrðu áfram 1,5% í lok þessa árs en að þeir yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur á fyrsta fjórðungi næsta árs og um 0,25 prósentur til viðbótar á öðrum fjórðungi. Þá væntu þeir þess að meginvextir yrðu 2,5% eftir eitt ár og 3% að tveimur árum liðnum. Þetta eru hærri vextir en markaðsaðilar bjuggust við í könnun bankans í ágúst sl. en þá væntu þeir þess að meginvextir yrðu 2% eftir eitt ár og 2,25% að tveimur árum liðnum. Nokkur breyting var á afstöðu svarenda til taumhalds peningastefnunnar og töldu nú flestir þeirra eða 56% að taumhaldið væri of laust um þessar mundir en hlutfallið var 33% í ágúst. Á móti fækkaði þeim sem töldu taumhaldið hæfilegt og var hlutfall þeirra nú 44% samanborið við 67% í síðustu könnun. Áfram taldi enginn svarenda í könnuninni að taumhaldið væri of þétt.

Ársvöxtur víðs peningamagns (M3) hefur verið nokkuð stöðugur undanfarna mánuði en hann mældist 8,6% í september. Á sama tíma má áætla að ársvöxtur útlána lánakerfisins til heimila hafi verið rúmlega 11% sem er svipaður vöxtur og hefur verið undanfarna mánuði. Útlán til fyrirtækja dróguð hins vegar áfram saman og nam samdrátturinn um 3½% í september.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar, OMXI10, hækkaði um 3,4% milli funda nefndarinnar. Velta á aðalmarkaði nam 870 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins sem er 89% meiri velta miðað við árið á undan.

### **Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti**

Samkvæmt spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem birt var í október, er gert ráð fyrir 5,9% hagvexti í heimsbúskapnum í ár. Það er 0,1 prósentu minni vöxtur en sjóðurinn spáði í júlí sl. Skýrist það af minni hagvexti í þróuðum ríkjum sem endurspeglar að stórum hluta verri horfur í Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Þýskalandi. Hagvaxtarhorfur hafa hins vegar batnað fyrir önnur ríki evrusvæðisins og er spáð meiri hagvexti á svæðinu í heild. Þá býst sjóðurinn við meiri hagvexti í nýmarkaðs- og þróunarríkjum á þessu ári. Á næsta ári er spáð 4,9% heimshagvexti líkt og gert var ráð fyrir í júlispánni.

Halli á vöruviðskiptum Íslands nam 12,5 ma.kr. í október og um 192 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra var 127 ma.kr. halli á föstu gengi. Verðmæti útfluttra vara án skipa og flugvéla jókst um rúmlega 21% milli ára á fyrstu tíu mánuðum ársins. Skýrist aukningin sem fyrr að mestu leyti af auknu verðmæti iðnaðarvara, einkum álafurða, vegna mikilla verðhækkana en verðmæti allra meginundirliða útfluttra vara hefur aukist á milli ára. Verðmæti vöruinnflutnings án skipa og flugvéla fyrstu tíu mánuði ársins var um 24% meira en á sama tíma

í fyrra á föstu gengi og hefur verðmæti allra helstu undirflokka aukist áfram en aukið verðmæti fjárfestingarvara hafði mest áhrif.

Heimsmarkaðsverð á áli lækkaði um tæplega 11% frá októberfundi nefndarinnar. Þrátt fyrir það var álverð enn hátt í þriðjungi hærra en í upphafi þessa árs og um 45% hærra en það var áður en farsóttin skall á. Bráðabirgðatölur Hagstofu Íslands benda til þess að verð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli hafi hækkað um 2,9% milli ára á þriðja ársfjórðungi en á fyrstu níu mánuðum ársins var verðið 2,2% lægra að meðaltali en á sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á Brent-hráolíu lækkaði lítillega milli funda nefndarinnar og var rúmlega 82 Bandaríkjadalir á tunnu um miðjan nóvember. Það er um fjórðungi hærra verð en var fyrir heimsfaraldurinn.

Raugengi miðað við hlutfallslegt verðlag hækkaði um 0,4% milli mánaða í október og var þá 3,6% yfir meðaltali síðasta aldarfjórðungs og um 7,7% hærra en það fór lægst í október í fyrra. Raugengi á þennan mælikvarða hækkaði um 3,6% á fyrstu tíu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra og má rekja hækkunina til 2,1% hækkunar nafngengis krónu en verðbólga hér á landi var um 1,7 prósentum meiri en að meðaltali í viðskiptalöndum Íslands.

### **Innlendur þjóðarbúskapur og verðbólga**

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar (VMK) fjölgaði heildarvinnustundum á þriðja fjórðungi ársins um 3,5% milli ára. Þar af fjölgaði starfandi fólki um 4,3% en meðalvinnuvikan var 0,8% styttri. Starfandi fólki hefur fjölgað mikið frá byrjun ársins og var ríflega 2% fleira á þriðja ársfjórðungi en að jafnaði á árinu 2019. Á móti vegur rúmlega 3% styttri vinnuvika. Fjölgun heildarvinnustunda hefur því ekki haldið í við fjölgun starfa og á þriðja ársfjórðungi voru þær 1% færri en á árinu 2019. Launafólki hefur einnig fjölgað hratt það sem af er þessu ári. Tölur úr staðgreiðsluskrá benda til þess að í faraldrinum hafi liðlega 18.000 störf tapast en að í ágúst í ár höfðu 16.700 störf orðið til á ný.

Árstíðarleiðréttar niðurstöður VMK sýna að á þriðja ársfjórðungi hafi atvinnuþátttaka aukist milli fjórðunga en hlutfall starfandi hækkað töluvert meira. Atvinnuleysi minnkaði þannig um 2 prósentur milli fjórðunga og mældist 4,6% á þriðja ársfjórðungi. Til samanburðar var það nærri 4% á árinu 2019. Skráð atvinnuleysi minnkaði áfram og mældist 5,1% í október, leiðrétt fyrir árstíð, og var um ½ prósentu meira en í febrúar í fyrra.

Íbúum landsins fjölgaði um 1,9% milli ára á þriðja fjórðungi ársins sem er nokkru meiri fjölgun en á öðrum ársfjórðungi. Hraðari fjölgun íbúa má að mestu leyti rekja til fjölgunar erlendra ríkisborgara. Útlit er fyrir að erlendu vinnuafli muni fjölga áfram samhliða bata í þjóðarbúskapnum og sakir mikils fjölda auglýstra starfa sem ekki hefur tekist að ráða í.

Launavísitalan hækkaði um 0,7% milli fjórðunga á þriðja fjórðungi ársins og um 7,8% milli ára. Raunlaun voru 3,4% hærra á fjórðungnum en á sama tíma árið 2020.

Einkaneysla dróst lítillega saman milli fjórðunga á öðrum ársfjórðungi eftir 1,6% vöxt á fyrsta fjórðungi ársins og er þetta heldur lakari þróun en gert var ráð fyrir í ágústspá bankans. Vísbendingar eru um að áfram hafi dregið úr áhrifum farsóttarinnar og sóttvarna á neyslu- og ferðavenjur almennings. Kaupmáttur heimila hefur einnig aukist og atvinnuhorfur hafa batnað töluvert. Því er útlit fyrir að vöxtur einkaneyslu á seinni hluta ársins verði nokkru kröftugri en spáð var í ágúst.

Vaxandi bjartsýni gætir auk þess hjá almenningi en í september hafði væntingavísitala Gallup ekki mælst hærra í fimm ár. Í október mældist væntingavísitalan 130 stig en hún lækkaði um 10,8 stig frá fyrri mælingu en hækkaði aftur á móti um 82,8 stig milli ára. Allar undirvísitölur lækkuðu milli mánaða og var það mat á efnahagslífinu sem lækkaði mest eða um 17,5 stig.

Húsnæðisverðsvísitala Hagstofunnar fyrir allt landið, sem birt var í lok október, hækkaði um 1% milli mánaða sé litið framhjá árstíðarsveiflu en um 15,1% milli ára. Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu, sem Þjóðskrá Íslands reiknar út, hækkaði um 1% milli mánaða í september að teknu tilliti til árstíðar en um 16,6% milli ára. Þinglýstum kaupsamningum á landinu öllu fjölgaði um 22% á fyrstu níu mánuðum ársins frá sama tíma í fyrra en kaupsamningum um nýbyggingar um 32%. Meðalsölutími íbúða á höfuðborgarsvæðinu í september mældist 1,3 mánuðir og hefur lengst um 0,4 mánuði frá því að hann var stystur í mars sl.

Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,59% milli mánaða í október og jókst ársverðbólga í 4,5%. Verðbólga án húsnæðis jókst einnig lítillega og mældist 3%. Undirliggjandi verðbólga var óbreytt frá því í september og mældist 3,7% miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða.

Hækkun húsnæðisverðs skýrði áfram meginhluta hækkunar vísitölu neysliverðs í október og hefur kostnaður vegna eigin húsnæðis hækkað um 11,8% sl. tólf mánuði. Einnig hækkaði eldsneytisverð nokkuð í október.

Samkvæmt könnun bankans vænta markaðsaðilar að verðbólga verði 3,3% að ári liðnu sem er hækkun frá ágústkönnuninni en verðbólguvæntingar þeirra til tveggja ára eru áfram við markmið. Þeir vænta jafnframt að verðbólga verði að meðaltali í grennd við markmið til langs tíma. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hefur hins vegar hækkað að undanfögnu og var fimm ára álag eftir fimm ár rúmlega 3% um miðjan nóvember.

Samkvæmt spánni sem birtist í *Peningamálum* 17. nóvember 2021 eru horfur á að verðbólga hjaðni hæggar en áður var spáð. Verðbólga á þriðja ársfjórðungi var lítillega meiri en gert var ráð fyrir í ágústspánni og hafa nærhorfur versnað nokkuð. Spáð er 4,7% verðbólgu á síðasta fjórðungi þessa árs og 4,4% á fyrsta fjórðungi næsta árs. Verri verðbólguhorfur stafa einkum af lakari upphafsstöðu og meiri innfluttri verðbólgu en gert var ráð fyrir í ágúst. Þá er búist við að meiri spenna verði í þjóðarbúskapnum á næstu tveimur árum og að launakostnaður og húsnæðisverð hækki meira en áður var spáð. Einnig er gert ráð fyrir að gengi krónunnar verði ívið lægra á spátímanum en í ágústspánni. Þá leiðir hækkun langtímaverðbólguvæntinga að undanfögnu til þess að lengri tíma tekur fyrir áhrif kostnaðarhækkana á verðbólgu að fjara út. Samkvæmt grunnspánni verður verðbólga í grennd við markmið í lok næsta árs en eykst lítillega á ný á seinni hluta spátímans og verður að meðaltali 2,9% 2023. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að hún hjaðni í átt að markmiði.

Gengisvísitala krónunnar var um 194 stig á þriðja fjórðungi ársins sem er um 1% lægra meðalgengi en gert var ráð fyrir í ágústspá *Peningamála*. Samkvæmt grunnspánni helst meðalgengi krónunnar svipað út spátímann og er því lítillega lægra en spáð var í ágúst. Gangi spáin eftir hækkar raungengið um 2½% á spátímanum en er þó enn 11% lægra í lok spátímans en það var hæst árið 2017.

Efnahagsumsvif í helstu viðskiptalöndum Íslands tóku hratt við sér eftir að slakað var á sóttvörnum á öðrum ársfjórðungi. Landsframleiðsla þeirra jókst um 2,2% milli fjórðunga sem er einn mesti ársfjórðungslegi hagvöxtur sem mælst hefur að meðaltali í löndunum. Á fyrri helmingi ársins mældist 6,3% árhagvöxtur sem er 0,3 prósentum meiri vöxtur en gert var ráð fyrir í ágústspá Seðlabankans. Leiðandi vísbendingar og alþjóðlegar spár gefa til kynna að efnahagsumsvif í viðskiptalöndunum haldi áfram að aukast á seinni helmingi þessa árs en hæggar en spáð var í ágúst. Skýrist það einkum af hægari umsvifum í framleiðslugreinum vegna aðfangaskorts og erfiðleika við vöruflutninga. Í grunnspá Seðlabankans er gert ráð fyrir 5,5% hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands í ár. Það er 0,2 prósentum meira en spáð var í ágúst og skýrist af meiri hagvexti á fyrri helmingi ársins. Talið er að hagvöxtur verði 4,3% á næsta ári sem er 0,2 prósentum minna en gert var ráð fyrir í ágúst.

Landsframleiðslan hér á landi jókst um 3,5% milli ára á fyrri hluta ársins samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands, en útlit er fyrir að hún hafi aukist um 6½% á þriðja fjórðungi og að hagvöxtur á árinu öllu verði 3,9% eða 0,1 prósentu minni en spáð var í ágúst. Lakari horfur í ár endurspeglar hægari vöxt á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir en á móti vega horfur á kröftugri hagvexti á seinni hluta ársins. Þá er talið að hagvöxtur aukist enn frekar á næsta ári en þar vegur þyngst kröftugur vöxtur útflutnings vegna aukinna tekna af ferðaþjónustu og hagstæðari loðnuvertíðar. Verður framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar því jákvætt í fyrsta sinn síðan árið 2019 eða um 2,7 prósentur. Framlag aukningar einkaneyslu til hagvaxtar verður einnig jákvætt en fer þó minnkandi frá fyrra ári. Talið er að hagvöxtur verði 5,1% á árinu sem er 1,2 prósentum meiri vöxtur en spáð var í ágúst og má áætla að um helming endurskoðunarinnar megi rekja til væntinga um aukna loðnuveiði. Til lengri tíma lítið hafa hagvaxtarhorfur lítið breyst. Hagvöxtur hjaðnar í 2,6% árið 2023 og verður svipaður árið 2024.

Halli á viðskiptajöfnuði nam 3,9% af landsframleiðslu á öðrum fjórðungi þessa árs en þar vógust á aukinn afgangur af þjónustuviðskiptum og aukinn halli á vöruviðskiptum. Gert er ráð fyrir að á þriðja ársfjórðungi hafi afgangur myndast á viðskiptajöfnuði á ný og að hann aukist á þeim fjórða. Þar vegur aukinn þjónustuútflutningur tengdur ferðaþjónustu þungt en einnig hagstæðari þróun viðskiptakjara. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir halla á árinu öllu sem nemi 0,9% af landsframleiðslu. Gert er ráð fyrir að afgangur verði á viðskiptajöfnuði á ný á næsta ári samhliða auknum vexti í útfluttri þjónustu auk bættra viðskiptakjara og að afgangurinn nemi 1,9% af landsframleiðslu á árinu öllu sem er ½ prósentu minni afgangur en spáð var í ágúst. Líkt og í ágúst er gert ráð fyrir að afgangurinn minnki aftur á seinni hluta spátímans.

Atvinnuleysishorfur eru tvísýnar næsta misserið en batna til lengri tíma. Mikill fjöldi ráðningarstyrkja rennur sitt skeið á fjórða fjórðungi í ár sem skapar aukna óvissu um atvinnuleysishorfur til skamms tíma. Til lengri tíma eru atvinnuleysishorfur þó betri en í ágústspá bankans m.a. vegna meiri umsvifa í þjóðarbúskapnum en þá var búist við. Grunnspá bankans gerir ráð fyrir að störfum haldi áfram að fjölga og að atvinnuleysi verði 6% í ár miðað við Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar og hjaðni í um 4% undir lok spátímans. Áætlað er að skráð almennt atvinnuleysi verði meira í ár eða tæplega 8% en verði einnig komið niður í 4% undir lok spátímans.

Gangi spá bankans eftir nær landsframleiðslan því stigi sem hún var á árið 2019 lítillaga fyrr á næsta ári en spáð var í ágúst. Landsframleiðslan helst einnig meiri á öllu tímabilinu en í fyrri spám bankans. Vísbendingar eru um að slakinn í þjóðarbúinu sé að hverfa hratt og sé jafnvel horfinn og gerir kröftugri hagvöxtur á næsta ári það að verkum að spennan verður heldur meiri en í ágústspá bankans. Sem fyrr eru þessar horfur háðar töluverðri óvissu og spár um efnahagsbata hér og erlendis byggjast að nokkru leyti á því að ekki verði bakslag í baráttunni við farsóttina. Annar veigamikill óvissuþáttur lýtur að því hversu hratt tekst að vinda ofan af þeim framboðstruflunum sem hafa leitt til mikillar hækkunar alþjóðlegs hrávöruverðs og flutningskostnaðar. Við bætist óvissa um stefnuna í ríkisfjármálum í kjölfar nýafstaðinna þingkosninga og um almenna launaþróun. Auk þess er óvissa um hve hratt almenningur mun ganga á þann mikla sparnað sem byggðist upp í farsóttinni. Verðbólguhorfur gætu því verið of bjartsýnar, sérstaklega ef kjölfesta verðbólguvæntinga í verðbólgu markmiði hefur veikt.

## II Ákvarðanir um stjórnþæki bankans í peningamálum

Nefndin ræddi taumhald peningastefnunnar í ljósi framvindu efnahagsmála og þess að raunvextir bankans höfðu lítið breyst frá októberfundi nefndarinnar. Rætt var um hvort taumhaldið væri hæfilegt í ljósi versnandi verðbólguhorfa en nefndin ákvað í október að halda

áfram að herða taumhald peningastefnunnar. Á þeim tíma voru vísbendingar um áframhaldandi kröftugan innlendan efnahagsbata auk þess sem verðbólga hafði aukist.

Nefndarmenn ræddu að horfur væru á um 4% hagvexti í ár samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem var birt í nóvemberhefti *Peningamála* sem væri svipað því sem spáð var í ágúst. Hagvaxtarhorfur fyrir næsta ár hefðu jafnframt batnað nokkuð vegna betri horfa um útflutning og væri talið að hagvöxtur yrði líðlega 5%. Nefndin taldi að óvissa væri hins vegar enn mikil og þróun efnahagsmála myndi sem fyrr markast af framvindu farsóttarinnar.

Nefndin fjallaði um að verðbólga hefði aukist í október og mældist 4,5%. Rætt var að framlag innlands kostnaðarþrýstings, hækkunar húsnæðisverðs og launa hefði skýrt stóran hluta verðbólgunnar undanfarið en áhrif hækkana alþjóðlegs olíu- og hrávöruverðs hefðu einnig aukist. Fram kom að undirliggjandi verðbólga væri hins vegar minni og hefði hjaðnað undanfarna mánuði.

Nefndarmenn ræddu að verðbólguhorfur hefðu versnað nokkuð frá því í ágúst sem mætti m.a. rekja til þrálátari alþjóðlegra verðhækkana, hraðari viðsnúnings í innlendum efnahagsumsvifum og hækkunar launakostnaðar. Fram kom að horfur væru á að verðbólga myndi aukast áfram á næstu mánuðum en tæki síðan að hjaðna enda héldist kjölfesta verðbólguvæntinga við markmið. Nefndin fjallaði einnig um inngríp bankans á gjaldeyrismarkaði en þau hafa verið fátíð undanfarna mánuði og taldi nefndin að ágætt jafnvægi væri á gjaldeyrismarkaði.

Allir nefndarmenn voru þeirrar skoðunar að hækka þyrfti vexti bankans og var rætt um hækkun á bilinu 0,25-0,75 prósentur. Helstu rök sem komu fram fyrir því að taka minna skref voru þau að áhrif vaxtahækkana á greiðslubyrði heimila væru líklega meiri nú en áður fyrr í ljósi hærri hlutdeildar óverðtryggðra lána á breytilegum vöxtum og því væri betra að taka áfram varfærin skref. Einnig ætti eftir að koma í ljós hver áhrifin yrðu af samspili vaxtahækkana og nýlegrar beitingar þjóðhagsvarúðartækja. Jafnframt var bent á að þegar dregið yrði úr stuðningsaðgerðum stjórnvalda gæti atvinnuleysi aukist á ný. Í ljósi þessa komu fram áhyggjur um að efnahagsbatinn gæti orðið brothættur. Þá kom fram í umræðunni að hluta verðbólgunnar mætti skýra með tímabundnum þáttum sem væru utan áhrifasviðs peningastefnunnar eins og hækkun eldsneytisverðs og framboðshnökrum, enda hefði undirliggjandi verðbólga minnkað undanfarna mánuði. Bent var á að þegar áhrif vaxtahækkunar nú næðu hámarki yrði verðbólguþrýstingur vegna þessara þátta auk hækkunar húsnæðisverðs líklega þegar tekinn að minnka.

Helstu rök sem fram komu fyrir því að taka stærra skref voru þau að verðbólga hefði verið þrálátari og verðbólguhorfur versnað á sama tíma og langtímaverðbólguvæntingar hefðu hækkað á suma mælikvarða. Einnig væri kröftugur bati á vinnumarkaði, atvinnuleysi hefði minnkað og útlit væri fyrir meiri hækkun launakostnaðar á næstu misserum en áður var gert ráð fyrir. Fram kom í umræðunni að hætta væri á að aukin innflutt verðbólga myndi jafnframt leiða til aukinnar innlendar verðbólgu svo sem frekari hækkunar á verði þjónustu. Mikilvægt væri því að stíga fast til jarðar til þess að lágmarka hættuna á að verðbólga yrði enn þrálátari og kjölfesta verðbólguvæntinga við markmið veiktist.

Með hliðsjón af umræðunni lagði seðlabankastjóri til að vextir bankans yrðu hækkaðir um 0,5 prósentur. Meginvextir bankans, þ.e. vextir á sjö daga bundnum innlánnum, yrðu 2%, innlánsvextir (vextir á viðskiptareikningum) 1,75%, vextir af lánnum gegn veði til sjö daga 2,75% og daglánavextir 3,75%. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

Á fundinum ítrekaði peningastefnunefnd að hún myndi beita þeim tækjum sem hún hefði yfir að ráða til að tryggja að verðbólga hjaðni aftur í markmið innan ásættanlegs tíma.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri og formaður nefndarinnar

Rannveig Sigurðardóttir, varaseðlabankastjóri peningastefnu

Gunnar Jakobsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika

Gylfi Zoëga, prófessor, utanaðkomandi nefndarmaður

Katrín Ólafsdóttir, dósent, utanaðkomandi nefndarmaður

Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabankans, sat allan fund nefndarinnar. Þar að auki sat fjöldi starfsmanna Seðlabankans hluta fundarins.

Karen Á. Vignisdóttir ritaði fundargerð.

Næsta yfirlýsing peningastefnufundarinnar verður birt miðvikudaginn 9. febrúar 2022.